

**Aðalfundur Læknafélags Íslands**  
**14. október 2022**

**Ályktun**  
**um heilbrigðismál**

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ), haldinn í Kópavogi 14. október 2022, skorar á stjórnvöld að hlíta þjóðarvilja og auka framlög til heilbrigðismála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu til jafns við það sem þekkist annars staðar á Norðurlöndunum. Einnig skorar LÍ á stjórnvöld að fara að lögum um heilbrigðisþjónustu og tryggja öllum landsmönnum aðgang að fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem tók eru á að veita, óháð efnahag og án óeðlilegrar tafar. Svo það markmið náist þarf að nýta til fulls styrkleika og hagkvæmni ólíkra rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu.